



Velferðarsjóður barna

2010-2011

Ársskýrsla mentorverkefnisins Vináttu



Elín Þorgeirsdóttir

Maí 2011

© 2011 Velferðarsjóður barna á Íslandi

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt í hluta eða heild, án skriflegs leyfis Velferðarsjóðs barna á Íslandi.

Efnisyfirlit

<u>EFNISYFIRLIT</u>	<u>3</u>
<u>YFIRLIT MYNDA.....</u>	<u>4</u>
<u>INNGANGUR</u>	<u>5</u>
MARKMIÐ MENTORVERKEFNISINS VINÁTTU	6
<u>FYRIRKOMULAG MENTORVERKEFNISINS VINÁTTU.....</u>	<u>7</u>
<u>TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM VERKEFNIÐ</u>	<u>9</u>
BROTTFALL MENTORPARA MENTORVERKEFNISINS	9
FJÖLDI NEMENDA/MENTORA Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU	9
KYNJASKIPTING MENTORA Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU.....	11
KYNJASKIPTING MENTORA EFTIR SKÓLUM.....	11
GRUNNSKÓLABÖRN SEM TÓKU ÞÁTT Í VERKEFNINU	12
KYNJASKIPTING GRUNNSKÓLABARNA.....	13
GRUNNSKÓLABÖRN AF ERLENDUM UPPRUNA.....	14
<u>VINÁTTA Í MENNTASKÓLANUM Á EGILSSTÖÐUM 2009-2010</u>	<u>15</u>
<u>KOSTNAÐUR VIÐ MENTORVERKEFNIÐ VINÁTTU 2010-2011.....</u>	<u>17</u>
<u>DAGSKRÁ VETRAR 2010-2011</u>	<u>17</u>
<u>MENTORVERKEFNIÐ VINÁTTA SKÓLAÁRIÐ 2011-2012</u>	<u>20</u>
<u>LOKAORÐ.....</u>	<u>22</u>
<u>HEIMILDIR.....</u>	<u>25</u>

Yfirlit mynda

1. MYND	MENTORAR SEM HÓFU ÞÁTTTÖKU Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2009-2010 SKIPT EFTIR SKÓLUM.....	10
2. MYND	MENTORAR Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2009-2010 SEM STÓÐUST NÁMSMAT SKIPT EFTIR SKÓLUM.....	11
3. MYND	MENTORAR Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2009-2010 SKIPT EFTIR SKÓLA OG KYNI	12
4. MYND	GRUNNSKÓLABÖRN Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2009-2010 SKIPT EFTIR SKÓLA OG KYNI.....	14
5. MYND	GRUNNSKÓLABÖRN Í MENTORVERKEFNINU VINÁTTU SKÓLAÁRIÐ 2009-2010 SKIPT EFTIR UPPRUNA.....	15

Inngangur

Mentorverkefnið Vinátta hófst árið 2001 og hefur Velferðarsjóður barna á Íslandi rekið það frá upphafi. Velferðarsjóður barna var stofnaður árið 2000 af Íslenskri erfðargreiningu og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Markmið sjóðsins er að hlúa að hagsmunamálum og velferð barna á Íslandi.

Stofnandi Mentorverkefnisins Vinátta á Íslandi er Valgerður Ólafsdóttir. Verkefnið hóf göngu sína í samvinnu við Háskóla Íslands (HÍ), Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og tvo grunnskóla í Reykjavík, Austurbæjar- og Háteigsskóla.

Skólaárið 2010 - 2011 voru grunnskólarnir 16 talsins á landinu öllu. Þeir skiptust þannig eftir sveitarfélögum; Austurbæjar-, Álftamýra-, Álfhóls-, Fella-, Langholts, Granda-, Hamra-, Vesturbæjar-, Ölduselsskóli í Reykjavík, Hofstaðaskóli í Garðabæ, Lækjarskóli í Hafnarfirði, Grunnskóli Borgarfjarðar í Borgarnesi, Gilja-, Brekku- Oddeyrar- og Síðuskóli á Akureyri. Mentorarnir komu úr Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Kvennaskólanum í Reykjavík, Borgarholtsskóla, Fjölbraut í Garðabæ, Flensborgarskólanum í Hafnarfirði, Menntaskólanum á Akureyri, Verkmenntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum í Borgarnesi og Menntaskólanum á Egilsstöðum. Mentorar voru alls 106 í upphafi skólaárs 2010-2011. Þetta skólaár var enginn hópmentor. Alls hófu 107 börn / vinir þátttöku í verkefninu. Skólaárið 2010-2011 var ekki boðið upp á heimanámsaðstoð þetta árið.

Mentorverkefnið Vinátta byggir á þeirri hugmyndafræði að samskipti barns og mentors séu jákvætt innlegg í líf barns því mentor verði barninu fyrirmynd. Tengslin sem myndast milli mentors og barns geta bætt við möguleika barnsins við mótun sjálfsmýndar og komið fram meðal annars í auknum námsáhuga og árangri auk aukinnar lífsleikni. Hlutverk mentora er ekki að vera fagaðili á ákveðnu sviði heldur á hann að skapa trúnað og traust, sýna samkennd, tillitssemi og tengja saman virkni og hlýju í leik og starfi. Að vera mentor snýst um að gefa sjálfum sér tíma með barni, leyfa sér að læra af samskiptum við barn og taka þátt í lífi þess.

Markmið mentorverkefnisins Vináttu

Mentorverkefnið Vináttu er samfélagsverkefni. Eitt meginmarkmið þess er að háskóla- og framhaldsskólanemendur vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við börn. Áhersla er lögð á gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins í heild af því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hvers annars.

Sundurgreind markmið verkefnisins eru eftirfarandi:

Námsmarkmið fyrir grunnskólabörn:

Grunnskólabörn eiga að:

- ✓ kynnast nýjum hugmyndum, aðstæðum og öðlast nýja þekkingu og reynslu
- ✓ styrkja sjálfsmynd og auka félagsfærni
- ✓ kynnast nýjum aðstæðum til skemmtunar
- ✓ kynnast möguleikum til náms

Námsmarkmið fyrir mentora:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- ✓ mentorhlutverkinu
- ✓ hugmyndafræði mentorverkefnisins Vináttu
- ✓ mikilvægi fyrirmynda í félagsmótun barna
- ✓ meðferð trúnaðarupplýsinga

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ✓ að setja sér markmið í námi
- ✓ að skipuleggja samverustundir
- ✓ að leita lausna í samvinnu við aðra
- ✓ skráningu og meðferð trúnaðarupplýsinga
- ✓ að meta eigin frammistöðu á gagnrýnin hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ✓ vera jákvæð fyrirmynd grunnskólabarns
- ✓ geta átt uppbyggileg samskipti við annað fólk

- ✓ geta lagað sig að margbreytilegum aðstæðum
- ✓ vinna að velferð barna og öðlast víðtæka reynslu í samskiptum við börn

Fyrirkomulag mentorverkefnisins Vináttu

Í mentorverkefninu Vináttu fá grunnskólabörn tækifæri til að kynnst góðri fyrirmynd utan fjölskyldu. Tímaramminn er fyrirfram ákveðinn, eitt skólaár. Barn getur á þeim tíma lært að byggja upp samband, notið þess og síðan kvatt án þess að það þurfi að hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér. Í mentorverkefnum eru sambönd mynduð milli einstaklinga sem ekkert þekkjast. Mentorarnir eru eldri og reyndari en börnin sem þeir taka að sér.

Allir þátttakendur verkefnisins taka þátt af fúsum og frjálsum vilja. Foreldrar sækja um þátttöku fyrir börn og mentorar sækja um að vinna við verkefnið. Við pörun mentora og barna er meðal annars farið eftir sameiginlegum áhugamálum mentors og barns. Hvernig til tekst með pörun ræður miklu um hvernig samböndin ganga yfir veturinn.

Mentorar og börn hittust frá lok september fram í miðjan apríl eða í um 7 mánuði, einu sinni í viku þrjár klukkustundir í senn. Börnin sem tóku þátt í verkefninu voru á aldrinum 7-11 ára.

Mentorar fengu styrk að upphæð kr. 20.000 til að standa straum af útlögðum kostnaði við verkefnið á mentorárinu. Greiðslur voru í verktakaformi og voru greiddar í tvennu lagi. Velferðarsjóður barna á Íslandi sá um greiðslur til mentora.

Áfram er unnið að því að festa Mentorverkefnið Vináttu sessi og er það nú í námskrá fjölmargra skóla á landinu bæði á háskóla- og framhaldsskólastigi. Verkefnið er kennt sem heilsársnámskeið og metið til eininga.

Skólaárið 2010-2011 var verkefnið kennt í sjö framhaldsskólum, Kvinnaskólanum í Reykjavík, Fjölbraut í Garðabæ, Flensborg í Hafnarfirði, Menntaskólanum á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri,

Menntaskólanum í Borgarnesi og með aðeins öðru sniði í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Fagleg stýring og ráðgjöf var í höndum verkefnisstjóra og tveggja starfsmanna, sem saman mynda verkefnisstjórn. Umsjón með mentorum var í höndum kennara í hverjum skóla, auk þess sem kennsla og umsjón háskólamentora var í höndum verkefnisstjóra. Hlutverk kennara er að veita mentorum handleiðslu og stuðning.

Tölulegar upplýsingar um verkefnið

Mentorar sem hófu þátttöku í verkefninu skólaárið 2009-2010 voru alls 69, 6 úr HÍ, 6 úr HR, 13 úr Kvennaskólanum, 2 úr BHS, 1 úr MH, 4 úr Flensborg, 7 úr MB, 10 úr MA og 14 úr VMA og 6 úr ME alls 11 karlar og 58 konur.


Brottfall mentorpara mentorverkefnisins

Samkvæmt erlendum rannsóknum (Reich, 2001) er brottfall úr mentorverkefnum fremur lítið eða á bilinu 5-6%. Skólaárið 2009-2010 var brottfallið í mentorverkefninu Vináttu 4 mentorpör. Samtals voru 65 af 69 (6 % brottfall) sem luku verkefninu.

Fjöldi nemenda/mentora í mentorverkefninu Vináttu

Allar upplýsingar um námskeiðið er að finna í námskrá skólanna þar sem námskeiðið er kennt. Allir þátttakendur skrá sig hjá nemendaskrá viðkomandi skóla og senda jafnframt inn umsókn á netinu til verkefnisstjórnar Vináttu eða kennara viðkomandi fags. Val á mentorum er mikilvægt og vandasamt ferli og fer meðal annars fram með yfirferð á umsóknum frá mentorum og viðtölum. Það ferli er í höndum verkefnisstjórnar og kennara viðkomandi skóla. Verkefnisstjórn og kennarar hafa tækifæri til að velja hæfa einstaklinga til að taka að sér hlutverk mentors. Með því að vanda val á mentorum er einnig verið að tryggja öryggi grunnskólabarna (Sipe, 1998). Sérstakar varúðarráðstafanir eru gerðar við val á mentorum sem felast meðal annars í einstaklingsviðtölum við mögulegan mentor og skoðun meðmæla. Einnig þarf kennari að athuga hvort tilvonandi mentor hafi tíma og getu til að skuldbinda sig í slíkt verkefni.


Á mynd 1 má sjá fjölda mentora sem hófu þátttöku í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2009-2010 skipt eftir skólum.



1. Mynd Mentorar sem hófu þátttöku í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2009-2010 skipt eftir skólum

Mynd 1 sýnir að flestir nemendur komu úr VMA, MA og Kvennaskólanum í Reykjavík eða um 37 einstaklingar. Heildarfjöldi mentora úr framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu var 20, 13 úr Kvennaskólanum í Reykjavík, 4 úr Flensborgarskólanum í Hafnarfirði, 2 úr Borgarholtsskóla og einn úr Menntaskólanum í Hamrahlíð. Á Akureyri voru heildarfjöldi mentora 24, 10 komu úr Menntaskólanum og 14 úr Verkmenntaskólanum. Mentorar af háskólastigi voru alls 12 (18%) en framhaldsskólamentorar voru 82% þátttakenda.

Til að ljúka mentorverkefninu Vináttu sem námskeiði til eininga þurftu nemendur að standast ákveðin fyrirframskilgreind námsmarkmið. Mynd 2 sýnir fjölda nemenda skipt eftir skólum sem stóðust námsmat og fengu einingar fyrir áfangann.



2. Mynd Mentorar í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2009-2010 sem stóðust námsmat skipt eftir skólum


Alls skiluðu 95% (65/69) mentora sem skráðir voru í námskeiðið fullnægjandi námsmati.

Kynjaskipting mentora í mentorverkefninu Vináttu

Samkvæmt erlendum rannsóknum á samfélagsverkefnum af svipuðum toga (Reich, 2001) kemur í ljós að meirihluti nemenda sem taka þátt í slíkum verkefnum eru stúlkur líkt og hérlendis (Elín Þorgeirsdóttir o.fl., 2003). Alls hófu 11 (16%) karlar og 58 (84%) konur þátttöku í verkefninu haustið 2009.

Kynjaskipting mentora eftir skólum

Á mynd 3 má sjá fjölda mentora í mentorverkefninu sem luku verkefninu skólaárið 2009-2010 skipt eftir þáttökuskólum og kyni.



3. Mynd Mentorar í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2009-2010 skipt eftir skóla og kyni

Hér má sjá að kvenmentorar sem luku verkefninu voru í meirihluta eða 85% en karlmentorar 15%. Hlutföllin eru þó ólík þegar litið er á hvern skóla fyrir sig. Þannig voru engir karlmentorar í sex af skólunum sem luku verkefninu, HÍ, BHS, Flensborg, MA, Kvinnaskólanum og MH. Þrátt fyrir að aðgengi nemenda af mismunandi námsbrautum þá virðist, því miður, vera sem strákar sækja síður að taka þátt í slíkum verkefnum og á það ekki aðeins við um hér á landi (Reich, 2001). Þetta er mjög miður því að oft á tíðum eru strákarnir sem sækja um mentor að leitast eftir því að fá karlmentor.

Grunnskólabörn sem tóku þátt í verkefninu


Skólaárið 2009-2010 stóð þrettán grunnskólum til boða að taka þátt í mentorverkefninu Vináttu. Fella-, Granda-, Hamra-, Hjalla-, Hólabrekku-, Háteigs-, Langholts- og Lækjar-, Grunnskóli Borgarfjarðar, Gilja-, Brekku-Oddeyrar- og Síðuskóli. Hver skóli fékk til sín 3-10 mentora. Grunnskólabörnin sem tóku þátt skólaárið 2009-2010 og luku því voru alls 63 af 69 sem byrjuðu vegna þess að 6 vinir frá ME eru á framhaldsskólastigi. Skólaárið 2009-2010 var aðeins róstersamara en önnur ár. Að hluta til var skýringin ástandið í þjóðfélaginu þetta árið, hrun á bankamarkaði markaði djúp

spor í samfélagið og þurftu bæði mentorar og börn að hætta vegna efnahagsástandsins og jafnvel að flytja af landi brott. Ástæðu þess að barn eða mentor hættir geta verið af ýmsum toga sem þó fela flestar í sér breyttar aðsæður eða forsendur.

Allir þátttakendur í verkefninu taka þátt af fúsum og frjálsum vilja og sóttu foreldrar um fyrir börn sín. Kennarar barna, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafar og skólasálfræðingar ásamt umsjónarmönnum verkefnisins sáu um að meta hvaða börn falla best að verkefninu. Hafa ber í huga að verkefni þetta hæfir ekki undantekningalaust öllum börnum. Sem dæmi um undantekningar má nefna börn með alvarleg félagsleg vandamál eða börn sem koma frá fjölskyldum þar sem miklir erfiðleikar eru til staðar.

Kynjaskipting grunnskólabarna


Kynjaskipting grunnskólabarna í mentorverkefninu Vínáttu skólaárið 2009-2010 var mjög jöfn. Hlutfall stúlkna í verkefninu var 51% en drengir voru 49%. Á mynd 5 má sjá hvernig kynjaskiptingin var eftir skólum. Tölur á þessum myndum miðast við að reiknuð eru grunnskólabörn en ekki teknir með vinir frá Menntaskólanum á Egilsstöðum því að þar var annað fyrirkomulag og vinirnir þar voru á framhaldsskólaaldri.



4. Mynd Grunnskólabörn í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2009-2010 skipt eftir skóla og kyni

Grunnskólabörn af erlendum uppruna

Eitt af markmiðum mentorverkefnisins Vináttu er að bjóða börnum af erlendum uppruna velkomin í íslenskt samfélag. Samfélagsverkefni eins og mentorverkefnið Vináttu, er tilvalið til að hjálpa börnum af erlendum uppruna við að komast inn í samfélagið og byggja upp góða sjálfsmynd. Gagnkvæmur ávinningur er talinn vera af þessum samskiptum þar sem mentorar kynnast menningu barnanna og börnin kynnast menningu Íslendinga. Oft á tíðum hefur stór hluti barna í mentorverkefninu Vináttu verið af af erlendum uppruna. Skólaárið 2009-2010 var því þó ekki svo farið þar sem aðeins voru 10 af þeim 63 sem hófu þátttöku af erlendum uppruna (sjá mynd 6). Ein helsta ástæða þessa er eflaust sú að móttökuskólinn Austurbæjarskóli, var ekki með þetta ár og því dregur úr fjölda umsókna frá börnum af erlendum uppruna.



5. Mynd Grunnskólabörn í mentorverkefninu Vináttu skólaárið 2009-2010 skipt eftir uppruna

Vináttu í Menntaskólanum á Egilsstöðum 2009-2010

Mentorverkefnið fór af stað á haustönn 2009 við Menntaskólann á Egilsstöðum (ME) sem heilsársáfanginn FÉL 473. Ákveðið var að tengja áfangann Nemendapjónustu skólans sem hefur yfirlit og upplýsingar um nemendur sem standa höllum fæti í skólanum og myndi sinna því hlutverki að kanna mögulega skjólastæðinga í verkefnið og leita eftir þátttöku þeirra. Áfanginn er að öðru leyti í umsjón félagsfræðikennara, þessir aðilar mynduðu þannig teymi sem skipulagði og sá um leiðsögn til mentoranna í verkefninu.

Litið var á verkefnið sem tilraunaverkefni að framkvæmd mentorverkefnis innan skólans en ekki milli skólastiga eins og hefðin hefur verið. Verkefnastjórn mentorverkefnisins Vináttu á landsvísu var send greinargerð um tilhögun við jákvæðar undirtektir. Í ME er nám á framhaldsskólastigi fyrir alla, hér er starfsbraut, almenn braut og bóknámsbrautir þannig að nemendaflóran er fjölbreytt og staða þeirra bæði náms- og félagslega er með misjöfnum hætti. Í ME er að finna nemendur sem sumir eru illa staddir félagslega og þurfa aðstoð við félagsleg tengsl sem eldri samnemendur geta aðstoðað þá við að mynda. Því var mentorverkefnið og hugmyndafræði þess talin heppileg undirstaða fyrir

tilraunaverkefni sem fæli í sér að aðstoða þá nemendur sem þess þurfa við að mynda tengsl við skólann og skólafélaga t.d. með því að mæta á ýmsa viðburði.

Ákveðið var að byggja á hugmyndafræði mentorverkefnisins Vináttu eins og því er lýst á heimsíðu þeirra (www.vinatta.is) og fanga leitað hjá Kvennaskólanum í Reykjavík og m.a. byggt á kennsluáætlun þeirra (www.kvenno.is/vinatta).

Ákveðið var að velja þátttakendur í verkefnið þar sem ekki var möguleiki á þessum tímapunkti að bjóða það út í áfangavali. Valdir voru 6 einstaklingar til að vera mentorar; 2 strákar og 4 stelpur. Á móti voru valdir 6 einstaklingar sem skjólstæðingar. Félagsfræðikennari sá um að finna aðila til að gegna hlutverki mentors og Nemendapjónustan hafði samband við hugsanlega skjólstæðinga.

Verkefnið hefur í heildina reynst ágætlega. Þó er það bundið einstaklingum hversu vel tekst til með að koma á virkum tengslum og skipulegum samfundum mentors og yngri nemanda.

Eins og staðan er í dag og af þeirri reynslu sem fékkst af því að framkvæmd þessa tilraunaverkefnis í vetur, er full ástæða til að halda áfram með þetta verkefni. Þó með breytingum eins og fram hefur komið sem felast þá helst í því að halda fastar utan um verkefnið og gefa nemendum reglulega endurgjöf og skapa vettvang til að ræða viðfangsefnið og „jarðtengja“ nemendur þannig að þeir haldi vinnunni í áfanganum í jöfnu flæði fremur er skorpum. Við leggjum því til að verkefninu verði haldið áfram næsta haust (Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og Jón Ingi Sigurbjörnsson, 2010).

Kostnaður við mentorverkefnið Vináttu 2010-2011

Kostnaður vegna mentorverkefnisins Vináttu skólaárinu 2010-2011 var rúmlega 6 milljónir króna.

Laun verkefnisstjóra	3.000.000.-
Laun umsjónarmanna	1.350.000.-
Styrkir til mentora	2.120.000.-
Annar kostnaður	?.-
	?.-

Laun verkefnisstjóra voru greidd í 12 mánuði, 250.000 hvern mánuð. Laun tveggja umsjónarmanna sem fengu greiddar kr. 75.000 á mánuði í 10 mánuði (verktakagreiðslur). Styrkir til mentora voru 20.000 kr. yfir skólaárið. Annar kostnaður var við upphafsdag, lokadag, fyrirlesara á fundum, túlka- og sérfræðiþjónustu auk annars kostnaðar. Allur rekstur mentorverkefnisins Vináttu var í höndum Velferðarsjóðs barna á Íslandi.

Dagskrá vetrar 2010-2011

13-15. ágúst	Senda út eyðublöð og kynningar til allra grunnskóla sem taka þátt í verkefninu	Verkefnisstjóri Ítreka þátttöku valdra skóla símleiðis ef skólar svara ekki.
15-22. ágúst	Námskeiðið auglýst í framhaldsskólum	Björk
25-29. ágúst	Skólarnir búnir að senda öllum foreldrum umsóknir	Verkefnisstjóri Senda ítrekun þann 29.
25. ágúst	Búa til kynningarbæklinga fyrir alla skóla til dreifingar. Senda kennurum í framhaldsskóla á tölvutæku en HÍ og HR auglýsingar eru prentaðar út hjá verkefnisstjóra og hann dreifir þeim í Háskólana.	Verkefnisstjóri
25-upphaf verkefnis	Halda utan um umsóknir og senda á viðkomandi kennara. Umsóknir sem berast í tölvupósti	Verkefnisstjóri
25. ágúst -7. september	Senda beiðni til kennara í HÍ og HR um að fá að koma með kynningar í tíma.	Verkefnisstjóri

	<p>Senda auglýsingar á Nemendur HÍ og HR um námskeiðið (Fyrstu kennsluviku)</p> <p>Viðtöl við nemendur framhaldsskóla byrja</p>	Kennarar framhaldsskóla
1. september	Umsóknarfrestur grunnskólabarna rennur út	Verkefnisstjóri
1. september-. 19. september	<p>Grunnskólar velja börn í samráði við verkefnisstjóra</p> <p>Þegar búið er að velja grunnskólabörn þarf að senda völdum börnum bréf um þátttöku og ef að of margar umsóknir berast þarf að senda út synjunarbréf á þessum tíma.</p>	Verkefnisstjóri
25. ágúst – 10. september	<p>Kynningar í háskólum Ath. Nýnemadagar</p> <p>Kynningar í tímum HÍ og HR, hafa samband við viðkomandi kennara.</p> <p>Sendu út auglýsingar um námskeiðið til nemenda HÍ og HR.</p>	Verkefnisstjóri Verkefnastjóri
10. september	Umsóknarfrestur rennur út fyrir mentora í HÍ – endurskoðun skráningar lýkur. Svipaður tími í HR	
16. september	Viðtöl og val á mentorum úr Háskólum lokið – viðtöl tekin eins fljótt og kostur er, helst um leið og umsóknir berast	Verkefnisstjóri
17. september	<p>Foreldrar búnir að fá þáttökubréf í hendur.</p> <p>Kennarar og tengiliðir grunnskóla búnir að koma sér saman um kynningar í skólum.</p>	Verkefnastjórn og kennarar Sendu kennurum póst Ítreka fundarboð.
20. september	<p>Kynning fyrir foreldra og þörun</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hofsstaðaskóli • Ölduselsskóli 	Elín – Adda tengiliður Björk - Fríða

21. september	Kynning fyrir foreldra og þörun <ul style="list-style-type: none"> • Austurbæjarskóli • Álftamýraskóli • Langholtsskóli 	Björk – tengiliður Elín – Fanney tengiliður Elín – Erna Björk tengiliður
22. september	Kynning fyrir foreldra og þörun <ul style="list-style-type: none"> • Vesturbæjarskóla • Lækjarskóli 	Elín –Hanna tengiliður Elín – Sigríður
23. september	Kynning fyrir foreldra og þörun <ul style="list-style-type: none"> • Álfhólsskóli • Fellaskóli 	Elín – Katrín Björk - Sveinbjörg
24. september	Kynning fyrir foreldra og þörun <ul style="list-style-type: none"> • Hamraskóli • Grandaskóli 	Elín - Júlíanna Björk – Kristín tengiliður
25. september	Þörun mentora lokið	Verkefnisstjóri og kennarar
september	Kynningar fyrir foreldra og börn á Akureyri Hafa samband við Ásdísi og athuga hvernig gengur og senda þau skjöl sem þarf	Verkefnisstjóri
25. september	Námskeiðsdagur – námskeiðið hefst	Verkefnisstjóri og Björk skipuleggja og sjá um Verkefnisstjóri sér um veitingar Uppsalar Kvennaskólanum
30. september	Upphafsdagar Sameiginlegur upphafsd.	Foreldra fá upplýsingar um upphafsdag á foreldrakynningum. Kennarar senda mentorum sínum út boð um mætingu.
24. - 28. október	Hópfundir mentora haldnir í hverjum skóla fyrir sig.	Verkefnisstjóri með háskólamentora Björk: Senda póst til kennara

22. – 26. nóvember	Einstaklingsfundir/hópfundir	Verkefnisstjóri með háskólamentora Björk: Senda póst til kennara til að minna á
Í byrjun desember	– jólaboð hjá Decode	Verkefnisstjóri Senda upplýsingar til umsjónarmanna
13. janúar	Óvissufundur, mentorar og börn	Keila eða e-ð 15-17 Verkefnastjóri skipuleggur
Byrjun mars	Hópfundur – Lok verkefnisins undirbúin	Verkefnisstjóri með háskólamentora Björk: Senda póst til kennara
miðjan apríl	Lokahátíð: Skemmtiatriði (Lalli töframaður). hæfileikakeppni, verðlaun, pylsur og tilheyrandi, nammi og safi. Ath SS, Myllan, Nói Sírius, Vífelfell. (er til í tölvupósti) Verðlaun t.d. Spilavinir, Hamborgarabúllann, KFC, Muffin bakery (hringja).	Verkefnisstjóri skipuleggur Fjölskyldu og húsdýragarður 11:00-13:00

Mat á Vináttu verkefninu skólaárið 2010-2011

Mentorverkefnið Vinátta skólaárið 2011-2012

Verkefnið verður rekið með svipuðu sniði og áður af Velferðarsjóði barna á Íslandi.

Framhaldsskólakennarar viðkomandi skóla verða ábyrgir fyrir námskeiðinu en hafa greiðan aðgang að verkefnisstjórn sem er ráðgefandi fyrir öll skólastigin. Námskeiðið mentorverkefnið Vinátta er staðsett á netinu undir www.kvennaskolinn.is/vinatta. Þar er að finna skipulag fræðslu fyrir

námskeiðið og öll námskeiðsgögn. Verkefnisstjóri mun þó eftir sem áður sjá um kennslu á háskólastigi.

Greiddur verður styrkur fyrir útlögðum kostnaði að upphæð kr. 20.000.- á hvern nemanda/mentor sem tekur þátt. Áælaðar eru nokkrar breytingar á þáttökuskólunum. Fjölmargir grunnskólar hafa lýst yfir áhuga á þátttöku og því hefuð verið ákveðið að hver skóli fái þáttökurétt til tveggja ára í senn. Þar sem í ljós hefur komið að börn sem eru eldri en 10 ára eru ekki eins móttækileg fyrir þessari gerð af mentoring og þau sem yngri eru hefur verið tekin ákvörðun um að börnin sem boðin verður þátttaka eru á aldrinum 7-10 ára. Þó er sá möguleiki fyrir hendi að samþykktar verði undantekningar eftir aðstæðum. Verkefnisstjóri, Elín Þorgeirsdóttir lætur af störfum og Valgerður Ólafsdóttir tekur við verkefnisstjórn.

Lokaorð

Á fyrsta starfsári gaf mentorverkefnið Vinátta 35 grunnskólanemum á aldrinum 7-12 ára í tveimur grunnskólum kost á þátttöku í verkefninu. Strax á öðru starfsári fjölgaði grunnskólum í fjóra og voru 72 grunnskólabörn þátttakendur.

Skólaárið 2010-2011 voru 106 mentorar og 107 börn þátttakendur, alls hafa 737 mentorar og 762 börn tekið þátt í verkefninu frá upphafi.

Verkefni af þessu tagi nær til breiðs hóps grunnskólabarna, framhaldsskólanema og háskólanema. Margar ástæður eru fyrir þátttöku einstaklinganna og fær hver og einn sína upplifun og ávinning af þátttökunni.

Nemendahópur (mentorar) mentorverkefnisins er að meirihluta ungar stúlkur úr félagsvísindadeildum þeirra skóla sem taka þátt.

Framtíðarvonir fyrir mentorverkefnið Vináttu er að festa það í sessi í íslensku skólakerfi. Eitt af framtíðar markmiðum mentorverkefnisins Vináttu er að það standi sem flestum grunnskólabörnum um land allt á aldrinum 7-10 ára til boða.

Fyrirtækið *Rannsóknir og greining ehf.* var fengið til að meta hvernig til hefði tekist að fyrsta starfsári loknu. Niðurstöður gáfu meðal annars til kynna að börn, mentorar og foreldrar/forráðamenn voru almennt ánægðir með starfið. Til að mynda hefði þátttaka í verkefninu leitt til aukins þroska beggja aðila og stuðlað að auknu sjálfstrausti barna. Íslenskukunnátta þátttakenda af erlendum uppruna var talin hafa batnað. Nokkrir sögðu helsta kost verkefnisins þann að það gæfi þátttakendum nýja sýn á lífið og brúaði bilið milli kynslóða (Guðbjörg Daníelsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2002).

Annað mat var unnið á mentorverkefninu árið 2004 að þriðja starfsári loknu og sýndu niðurstöður meðal annars að markmiðum verkefnisins hafði verið náð. Öll börnin höfðu öðlast nýja reynslu og þekkingu í samskiptum við mentora. Einnig kom í ljós að börn og mentorar gerðu hluti saman sem hvorugur aðilið hafði gert áður og töldu mentorar að báðir aðilar höfðu lært af því. Íslenskukunnátta barna af erlendum uppruna hafði tekið framförum og

samvistirnar höfðu einnig komið börnunum í tengsl við íslenskt samfélag. Börn í verkefninu áttu mörg auðveldara með samskipti við aðra eftir samvistir við mentora. Niðurstöður sýndu einnig fram á að samvistir mentors og barns hefðu leitt til aukinnar félagslegrar færni og samskiptahæfni barna (Elín Þorgeirsdóttir og Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, 2004). Einnig hafa verið unnar framvinduskýrslur fyrir námið í Kvennaskólanum og við Háskólann á Akureyri (Björk Þorgeirsdóttir, 2004; Dagný Broddadóttir, 2004).

Niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var árið 2009 á mentorverkefninu Vináttu sem hluta af námi í framhaldsskólum benda til þess að mentorverkefnið Vinátta eigi fullt erindi sem hluti af námi í framhaldsskólanemenda. Námið fellur vel að ríkjandi menntastefnu hér á landi sem felur í sér að skólar hafa meira að segja um námsframboð sitt og skipulag. Til að verkefnið nái að festa sig í sessi á framhaldsskólastigi þarf verkefnið að taka mið af skólamenningu hvers skóla. Sem dæmi gætu íþróttabrautir á framhaldsskólastigi lagt áherslu á mentorhlutverk sem felur í sér að styrkja og vera grunnskólabörnum fyrirmynd hvað varðar íþróttáhuga og íþróttaiðkun. Með þessu fyrirkomulagi yrði þróun verkefnisins í anda hugmyndafræðinnar, þ.e. að mentorverkefni sem hæfir öllum börnum og öllum framhaldsskólum. Þetta gæti orðið til þess að fleiri skólar tækju þátt í mentorverkefninu og aukning yrði á þátttöku karlmentora. Einhæfni í tegund mentorverkefna getur lokað á möguleika skólanna til að útfæra mentorverkefni sem hentar þeirra skólamenningu (Björk Þorgeirsdóttir, 2009).

Á þeim 10 árum sem verkefnið hefur verið starfrækt hefur margt áunnist. Mentorverkefnið Vinátta er orðið hluti af námskrá á háskóla- og framhaldsskólastígi. Kostnaður við verkefnið hefur lækkað þrátt fyrir fjölgun mentora um tvo þriðju frá upphafi. Það er markmið okkar sem að verkefninu standa að lækka þann kostnað enn meira án þess að það bitni á gæðum verkefnisins.

Verkefni sem þetta er jákvætt innlegg í uppeldis- og skólastarf þar sem markmið þess er meðal annars að bæta aðstöðu barna til betri lífsgæða, styrkja

sjálfsmynd þeirra og kynnast nýjum hugmyndum og möguleikum til náms. Börn jafnt sem mentorar geta lært mikið í samvistum hvort við annað. Viðtökur í skólum hafa sýnt fram á að verkefnið sinnir þörfum sem erfitt er að koma til móts við. Við lítum því á að verkefnið hafi sannað tilgang sinn og að það nýtist samfélaginu í heild.

Heimildir

- Björk Þorgeirsdóttir. 2004. *Framvinduskýrsla. Mentorverkefnið Vináttu í Kvennaskólanum 2003-2004*. Reykjavík: Velferðarsjóður barna á Íslandi.
- Björk Þorgeirsdóttir. 2009. „*Hver er fullorðni aðilinn í þessu sambandi?*“ *Mat á mentoverkefninu Vináttu sem hluta af námi í framhaldsskólum*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands: Félags- og mannvísindadeild.
- Dagný Broddadóttir. 2004. *Framvinduskýrsla Mentorverkefnið Vináttu á Akureyri skólaárið 2003-2004*. Akureyri: Velferðarsjóður barna á Íslandi.
- Elín Þorgeirsdóttir. 2004. *Ársskýrsla mentorverkefnisins Vináttu skólaárið 2003-2004*. Reykjavík: Velferðarsjóður barna á Íslandi.
- Elín Þorgeirsdóttir og Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir. (2004). *Mat á mentoverkefninu Vináttu Skólaárið 2003-2004*. Reykjavík: Velferðarsjóður barna á Íslandi.
- Elín Þorgeirsdóttir, Valgerður Ólafsdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Þórunn Steindórsdóttir og Líf Magneudóttir. 2003. *Fyrirmyndarfólk. Mentorverkefnið Vináttu*. Velferðarsjóður barna á Íslandi, óbirt skýrsla send til menntamálaráðuneytisins.
- Guðbjörg Daníelsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2002. *Mat á mentoverkefninu „Vináttu”*. *Könnun meðal þátttakenda veturinn 2001-2002*. Rannsóknir og greining.
- Reich, L. R. 2001. *Mentorprojektet Naktergalen. Möte mellan skolbarn och högskolestudenter*. Malmö högskola: Lararutbildningen. Regionalt utvecklingscentrum.
- Sipe, C. 1998. Mentoring Adolescents: What Have We Learned. *Contemporary Issues in Mentoring*, bls. 10-23. P/PV. Public/Private Ventures. Philadelphia.
- Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og Jón Ingi Halldórsson. 2010. *Mentorverkefnið Vináttu FÉL473*. Egilsstaðir: Menntaskólinn á Egilsstöðum.